

FÉLAG ÁBYRGRA HUNDAEIGENDA



15. maí 2013

Ársskýrsla 2012–2013

Félag ábyrgra hundaeigenda

ÁRSSKÝRSLA 2012–2013

Fyrstu skref og stofnun félagsins

Þann 18.janúar 2012 hittust nokkrir hundaeigendur sem höfðu áhuga á að bæta stöðu hunda og hundaeigenda í borginni. Úr varð stofnun félags sem fékk nafnið Félag ábyrgra hundaeigenda. Frá stofnun félagsins til aðalfundar var stofnuð Facebook síða og Google-groups til þess að hægt væri að skrá meðlimi í félagið. Þegar komið var að aðalfundi var fjöldi meðlima kominn hátt í 200.

Félagið fékk kennitölu 640512–4070 við stofnun.

Á aðalfundi félagsins þann 30.maí 2012 var kosið í stjórn og einnig í nokkrar nefndir.

Stjórn:

Freyja Kristinsdóttir	formaður
Rakel Linda Kristjánsdóttir	gjaldkeri
Valgerður Valgeirsdóttir	
Sigurlaug Kristjánsdóttir	
Kristján Friðjónsson	

Verkefni stjórnar og fundir

Helstu verkefni félagsins á stofnári snerust að mestu um það að leggja grunnstoðirnar fyrir rekstur félagsins. Vinna stjórnar hófst fljótlega eftir aðalfund og voru nokkrir stjórnarfundir haldnir þar sem forgangsriðun stjórnar var ákveðin og ábyrgðaraðilar skilgreindir. Mikilvægustu verkefni voru skilgreind:

- Heimasíða og logo
- Hundagerðismál
- Vekja athygli á félaginu

Félag ábyrgra hundaeigenda

Þegar mikilvægustu verkefni voru hafin og komin í farveg hægði á störfum stjórnar yfir sumartímam. Í lok ágúst hófust vikulegir fundir og stíf verkefnavinna til loka nóvember þegar öllum stærstu verkefnum eins og þau voru skilgreind eftir aðalfund var lokið eða komin langt áleiðis. Eftir stutt hlé hófust fundarhöld aftur eftir áramót og hefur vinna og fundarhöld verið nokkuð regluleg og árangursrík til dagsins í dag.

Heimasíða félagsins

Facebook síða FÁH var notuð meirihluta árs 2012 sem aðalsíða félagsins á meðan verið var að vinna í hinni eiginlegu heimasíðu.

Mikill kraftur var lagður í að koma upp heimasíðu félagsins sem gæti vakið athygli á málstaðnum og frætt hundaeigendur svo aukin samstaða gæti myndast meðal hundaeigenda.

Í september 2012 tryggði félagið sér lénið fah.is og í október var komið virkt tölvupóstfang á fah@fah.is.

Gríðarlega mikil vinna var lögð í uppsetningu og gerð heimasíðunnar. Heiðurinn að uppsetningu og gerð síðunnar er Einar Páll Svavarsson hjá Emstrum vefsíðugerð.

Þegar síðan var tilbúin þann 22. nóvember 2012 var búið að setja mikið af efni inn á síðuna; fréttir um félagið og hundatengd málefni, um félagið, verkefni félagsins, ýmis fróðleikur um hunda og tengd málefni. Við erum mjög stolt af síðunni eins og hún er í dag og stefnum að því að setja enn meira efni þar inn með því að virkja fleiri meðlimi félagsins.

Logo félagsins



Frá fyrstu stjórnarfundum var mikil áhersla lögð á að klára logo fyrir félagið svo hægt sé að klára heimasíðu, byrja fjáröflun fyrir félagið ofl. Mikil hugmyndavinna var lögð í hönnun á logo félagsins og kom fjöldi aðila að þeirri vinnu ásamt útfærsluvinnu. Hugmyndavinna fól í sér að ná að fanga samband og tengsl hunds og manns á einfaldan hátt og teljum við að útkoman geri einmitt það.

Jón Kristján Kristinsson teiknaði merkið fyrir FÁH.

Hundagerði

KOSNINGAR Á BETRIREYKJAVIK.IS

Í mars 2012 fóru fram kosningar á vefnum betrireykjavik.is, þar sem kosið var um ýmsar hugmyndir að framkvæmdum á árinu 2012. Meðal hugmynda sem fengu næg atkvæði til framkvæmda voru hundagerði í þremur hverfum Reykjavíkur.

Þessi hundagerði voru sett upp í nóvember síðastliðnum og eru staðsett við BSÍ–Umferðarmiðstöð, í Laugardal og

við göngustíg milli efra og neðra Breiðholts. Gerðin voru ekki alveg hundheld til að byrja með, en Félag ábyrgra hundaeigenda hafði samband við borgaryfirvöld og lét vita af vandamálinu og voru gerðin löguð í framhaldinu.

Hundaeigendur geta fagnað því að aðstaða til lausagöngu hunda er aðeins að glæðast í Reykjavík. Þetta er svo sannarlega skref í rétta átt að bættri hundamenningu í borginni en við lítum svo á að þetta sé einungis byrjunin. Við vonumst til að sjá hundagerði í öllum hverfum borgarinnar í nánustu framtíð.



Félag ábyrgra hundaeigenda

AÐKOMA FÁH AÐ HUNDAGERÐUM Í REYKJAVÍK

Fulltrúar FÁH fóru á fund Þórólfs Garðyrkjustjóra þann 10.júní, og fékk þar staðfest að 3 hundagerði yrðu sett upp í Reykjavík á þessu ári. Okkar fulltrúar áttu gott spjall við Þórólff og komu með ýmsar tillögur um það hvernig gott væri að standa að uppsetningu slíkra gerða. Fróðlegum og viðeigandi upplýsingum var komið til fulltrúa borgarinnar varðandi hönnun, reglur ofl.

Þegar kom að því að setja upp gerðin var ekki haft frekari samband við FÁH og ekki virðist hafa verið tekið tillit til þeirra upplýsinga og fróðleiks sem lagt var fram af hálfu FÁH. Samráð við félagið hefði verið borginni að kostnaðarlausu og öllum til bóta. Við hörmum þetta en vonum að framvegis verði samvinna við borgina meiri.

HUNDAGERÐI VIÐ KLAMBRATÚN

Þegar FÁH var stofnað var það að miklu leyti vegna hóps sem hefur unnið lengi að því markmiði að láta setja upp hundagerði á Klambratúni. Hugmyndin hefur fengið hljómgrunn frá flestum sem hafa með það að segja hvort hundagerði verði sett þar upp. En hugmyndin strandar alltaf hjá Hverfisráði.

Fulltrúum félags ábyrgra hundaeigenda var boðið að kynna afstöðu okkar til hundagerðis á Klambratúni fyrir Hverfisráði þann 18.júní 2012. Formaður kynnti félagið og kosti þess að setja upp hundagerði á Klambratúni. Hverfisráðsmenn hafa ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við hundagerði á túninu en hluti Hverfisráðs tók að hluta til vel í okkar athugasemdir á meðan aðrir gerðu það ekki. Það var ljóst eftir fundinn að ef Hverfisráð tekur ákvörðun um staðsetningu hundagerðis þá muni það ekki verða á Klambratúni. Við munum halda áfram að vinna í þessu máli.

HAFNARFJÖRÐUR

Nýtt hundasvæði var vígt í Hafnarfirði í júní 2012. Svæðið er við Hvaleyrarvatnsveg. Á svæðinu hefur verið sett upp ruslatunna og bekkir. Þá hefur aðkoma að svæðinu hefur verið bætt. Félag ábyrgra hundaeigenda fagnar því að nú sé loks komið svæði fyrir lausagöngu hunda í Hafnarfirði. Eins og staðan er í dag er þetta eina svæðið í



Hafnarfirði þar sem lausaganga hunda er leyfð og er því ástæða til að fagna þessu framfararskrefi þótt enn sé langt í land með að komast til móts við þarfir hundaeigenda.

Kynning á félaginu

26. nóvember 2012. Formaður Félags ábyrgra hundaeigenda var í viðtali í þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í dag. Þar var meðal annars rætt um hundaskít á götum borgarinnar og hvernig hægt væri að stemma stigu við þessu hvimleiða vandamáli.

27. nóvember 2012. Félag ábyrgra hundaeigenda, kynnti stefnuskrá sína fyrir borgarstjóra Reykjavíkur, Jóni Gnarr, síðastliðinn föstudag. Borgarstjórinn var ánægður með framtakið og sagði meðal annars að hans upplifun væri sú að hundaeigendur væru að standa sig betur en áður, og að tómir sígarettupakkar væru algengari sjón en hundaskítur þar sem hann gengur vanalega með hundinn sinn.



19. desember 2012. Birt var grein eftir formann félagsins um málefni hunda og hundaeigenda ásamt félagið í Fréttablaðinu.

8. janúar 2013. Formaður félagsins var í viðtali í þættinum "Í bítíð" á Bylgjunni þann 8. Janúar 2013. Þar var fjallað um hundamenningu hérlendis, aðstöðu til lausagöngu og fleira.

19. febrúar 2013. Formaður félagsins var í viðtali í fréttum Stöðvar 2 í kvöld. Fjallað var um skráningu hunda og fleira.

26. febrúar 2013. Fundur með fulltrúum heilbrigðissviðs Reykjavíkurborgar til að kynna félagið.

Stefnuskjal FÁH

Um Félag ábyrgra hundaeigenda

Félag ábyrgra hundaeigenda var stofnað 18. janúar 2012 af nokkrum hundaeigendum sem höfðu áhuga á að bæta stöðu hundaeigenda og hunda í borginni. Félagið er opið öllum. Tilgangur félagsins er að vera málsvari hundaeigenda og hunda með það að markmiði að stuðla að ábyrgu hundahaldi.

Framtíðarsýn og markmið

- Að á Íslandi skapist hundamenning í líkingu við það sem fyrirfinnst í nágrannalöndunum
- Að eiga gott samstarf við sveitarfélög varðandi mál er tengjast hundahaldi
- Að hundaeigendur sýni ábyrgð í hvívetna
- Að hundagerði fyrirfinnst í öllum hverfum borgarinnar
- Að auðvelda hundaeigendum að ferðast með hunda sína
- Að tekið sé tillit til andlegra og líkamlegra þarfa hunda í stefnumótun yfirvalda varðandi málefni hunda

Hvernig ætlum við að ná markmiðum okkar?

- Virkja sem flesta hundaeigendur í þágu málefnisins
- Setja á laggirnar nefndir sem vinna að settum markmiðum félagsins
- Auka samvinnu við yfirvöld og koma sjónarmiðum hundaeigenda á framfæri
- Hvetja hundaeigendur til að skrá hunda sína svo raunverulegur fjöldi hunda sé sýnilegur þannig að hægt sé að koma betur til móts við þarfir þeirra
- Standa að herferð gegn hundaskít á götum borgarinnar með samstarfi hundaeigenda og sveitarfélaga

Guli hundurinn

Meðal þess sem gerðist á síðasta ári var að fulltrúar FÁH og fulltrúar Gula hundsins hittust og settu sér markmið um samvinnu.

Guli hundurinn er mjög verðugt og gott verkefni. Það snýr að því að ef þú sérð hund með gulan borða, gula slaufu, gulan klút eða eitthvað með gulum lit á taumnum, hálsbandinu eða beislinu, þá skaltu gefa honum meira pláss. Guli liturinn táknar að hundurinn getur ekki verið mjög nálægt öðrum dýrum og/eða fólki.




FÁH vill endilega kynna þetta verkefni eins mikið og hægt er, þannig að hægt sé að þjálfra, endurhæfa og vernda hunda án þess að hætta sé á ferðum.

Könnun um skráningu hunda

Frá janúar til mars 2013 framkvæmdi FÁH könnun um skráningu hunda á Íslandi. Hundaeign á Íslandi hefur aukist gríðarlega undanfarin ár, en enginn veit með vissu hversu margir hundar eru á landinu því þeir eru alls ekki allir skráðir. Mállefni hundaeigenda hafa setið á hakanum og því er þörf á úrbótum. Það er hins vegar erfitt að þrýsta á yfirvöld, án þess að hafa raunhæfa mynd af fjölda hunda þá framkvæmdi FÁH könnun og hvatti alla hundaeigendur til að svara stuttri og nafnlausri könnun.


Svarendur voru 1.273 talsins og er þar um að ræða eigendur 1.867 hunda og skiptist staðsetning svarenda sem hér segir:

Fjöldi svarenda eftir staðsetningu



Niðurstöður könnunar sýnir eftirfarandi:

Hlutfall skráðra hunda eftir staðsetningu



Það sem vekur athygli í niðurstöðu könnunar eru nokkur atriði:

- Lægsta skráningarhlutfall miðað við þátttöku í könnuninni er í Reykjavík. Þar er aftur á móti mest þátttaka í könnuninni.
- Heildarniðurstaða könnunarinnar er að um 65% hunda eru skráðir.
- Niðurstaða í Reykjavík gefur til kynna að um 65% hunda séu skráðir.
- Lítil þátttaka er á Seltjarnarnesi, Álfanesi og Garðabæ miðað við það sem við höldum í upphafi könnunar.
- Vakinn er athygli á því að það gæti verið björgun á niðurstöðum þar sem það má telja líkur á því að félag ábyrgra hundaeigenda nái frekar eyrum ábyrgra hundaeigenda og því meiri líkur á að hundar séu skráðir.

Önnur mál sem stjórn fjallaði um

BIRTING HEIMILISFANGS SKRÁÐRA HUNDA Í REYKJAVÍK

Á stjórnarfundum FÁH var fjallað um opinbera birtingu heimilisfangs skráðra hunda í Reykjavík. Um er að ræða yfirlit á heimasíðu Reykjavíkurborgar sem sýnir heimilisföng þar sem leyfi hefur fengist til hundahalds.

<http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4772>

Unnið hefur verið úr þessum lista í gagnvirka síðu sem sýnir hvar eru leyfi á korti.

<http://gogn.in/hundar/>

FÁH skoðaði ákvörðun persónuverndar vegna málsins en hefur ekki gert athugasemdir vegna listans eða kortsins enn sem komið er.

HEIMILD TIL AÐ GANGA LAUGAVEG MEÐ HUNDA

Ný samþykkt um hundahald í Reykjavík tók gildi 16.maí 2012. Meðal þeirra breytinga sem voru gerðar á samþykktinni var sú að nú má ganga Laugavegin með hund í taumi, sem ekki var leyfilegt. Það vakti athygli okkar að skiltin sem bönnuðu umferð hunda voru þó enn til staðar eftir gildistöku nýju samþykktarinnar. Haft var samband við fulltrúa borgaryfirvalda og voru skiltin fjarlægð í ágúst við mikinn fögnuð stjórnar, sem hafði ítrekað gengið upp og niður Laugaveg frá því nýja hundasamþykktin tók gildi.

NÝ HJÓLA- OG GÖNGULEIÐ YFIR ELLIÐAÁRÓSA

Stjórn FÁH harmar þá framkvæmdir sem nú eru hafnar á Geirsnefi. Um er að ræða tvær göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa, þær voru tengdar við stígakerfið og lagður var göngu- og hjólastígur milli þeirra yfir norðurenda Geirsnefs. Nýja leiðin verður aðskilin frá hundasvæðinu sem þar er með girðingu þvert yfir Geirsnefið og verða á henni tvö gönguhlið.

Þetta er slæmt fyrir hunda og hundaeigendur vegna eftirfarandi atriða:

- Með þessum framkvæmdum er verið að minnka svæði hundaeigenda til útiveru með hunda sína.
- Hjólaumferð upp við hundasvæði getur auðveldlega raskað ró hunda sem eru ekki vanir því að vera í kringum hjól. Það er þekkt að hundar og hjól á ferð er ekki æskileg blanda.